

Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun 2021-2024 á bæjarstjórnarfundum 1. desember 2020:

Árið 2020, oft nefnt hið fordæmalausa ár eða ár heimsfaraldursins, hefur verið mikil rekstraráskorun fyrir Akraneskaupstað eins og mörg önnur sveitarfélög á Íslandi. Reksturinn hefur verið í járnum á árinu og samkvæmt útkomuspá mun Akraneskaupstaður verða rekinn með tapi í fyrsta sinn síðan árið 2012.

Fjárhagsáætlanagerðin fyrir 2021 og þriggja ára áætlun hefur gengið hægar fyrir sig en oft áður og ágreiningur verið milli bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og bæjarfulltrúa meirihlutans, um leiðir til að mæta áskorunum í rekstri. Þar hafa bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins kallað eftir auknu aðhaldi í rekstri bæjarins. Í fyrirliggjandi rekstraráætlunum Akraneskaupstaðar til þriggja ára er gert ráð fyrir samfelldum taprekstri, sem uppsafnað nemur rúmum 700 milljónum króna. Þessa niðurstöðu geta bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ekki samþykkt og leggja til að á milli umræðna verði leitað frekara hagræðis í rekstri bæjarins með áherslu á að standa vörð um lögbundna þjónustu.

Rakel Óskarsdóttir (sign)

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir (sign)

Einar Brandsson (sign)

Ólafur Adolfsson (sign)